

## Sérstök áhersla á samstarf æðri menntastofnana



Tómas Ingi Olrich, menntamálaráðherra, sótti þriðja ráðherrafund Bologna-ferlisins um samstarf á sviði æðri menntunar í Evrópu 18. og 19. september sl. Í ræðu sinni á fundinum lagði menntamálaráðherra sérstaka áherslu á mikilvægi nýs þáttar Bologna-ferlisins, sem er að efla samstarf æðri menntastofnana og rannsóknastofnana. Ráðherra gerði einnig mikilvægi símenntunar að umtalsefni í ræðu sinni. Sagði hann m.a. að símenntun væri liður í því að gefa sem flestum tækifæri til að afla sér æðri menntunar án tillits til aldurs eða búsetu og að símenntun ætti að vera sjálfsagður þáttur í öllu skólasterfi.

Í Berlínaryfirlýsingunni ákváðu ráðherrarnir að leggja sérstaka áherslu á að efla gæðamat fram að næsta fundi sínum 2005, koma á BA og MA kerfi og vinna enn betur að því að koma á gagnkvæmri viðurkenningu prófgráða. Var markmiðinu um aukið samstarf æðri menntastofnana og rannsóknastofnana um rannsóknamenntun bætt við Bologna ferlið á ráðstefnunni í Berlín.

Bologna-ferlið stefnir að því að gera Evrópu að einu samfelldu menntunarsvæði fyrir 2010. Hún er viljayfirlýsing og framkvæmd hennar byggist á því að hlutaðeigandi aðilar í hverju landi vinni á grundvelli hennar, bæði stjórnvöld, æðri menntastofnanir, starfsfólk þeirra og nemendur.

### Jákvæðar niðurstöður í úttekt á rekstri einkarekinna háskóla

Menntamálaráðuneytið fól síðastliðið vor ráðgjafafyrirtækjunum [IMG Deloitte](#) og [KPMG Ráðgjöf](#) að gera úttekt á rekstri og stjórnun í [Háskólanum í Reykjavík](#) og [Viðskiptaháskólanum á Bifröst](#). Niðurstöður úttektanna benda til þess að báðir háskólarnir uppfylli ákvæði þeirra samninga sem í gildi eru milli þeirra og menntamálaráðuneytisins.

Þetta eru fyrstu úttektirnar sem menntamálaráðuneytið lætur gera sem byggja á [21. grein](#) laga um háskóla [nr. 136/1997](#). Fyrirhugað er að gera samskonar úttekt á [Listaháskóla Íslands](#) á næsta ári. Markmið úttektanna er að leggja mat á hvort háskólarnir uppfylli ákvæði laga, rekstrarsamninga og skipulagsskráa skólanna með tilliti til rekstrar og stjórnunar. Menntamálaráðuneytið fagnar þessum niðurstöðum en hefur beint þeim tilmælum til háskólanna að taka úttektarskýrslurnar til skoðunar og lagfæra þá þætti sem betur mega fara fyrir lok samningstíma hvers skóla fyrir sig.

[Úttektarskýrslurnar](#) eru birtar á vef menntamálaráðuneytisins.

### Evrópuráðið hefur gert 26. september að árlegum Evrópskum tungumáladegi

[Evrópskur tungumáladagur](#) verður haldinn hátíðlegur í Evrópulöndum og víðar í þriðja sinn á morgun 26. september. Í tilefni af því veitir [Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur](#) í erlendum tungumálum [Evrópumerkið](#) (European Label), en það er viðurkenning fyrir nýbreytni á sviði náms og kennslu í erlendum tungumálum á vegum framkvæmdastjórnar [Evrópusambandsins](#). Merkið er afhent á málþingi um ungt fólk og tungumálakunnáttu sem haldið er í hátíðarsal [Háskóla Íslands](#).

### Þemu og markmið Evrópska tungumáladagsins 2003

Meginþemu og markmið Evrópska tungumáladagsins felast í:

- Að gera almenningi ljóst hve tungumálanám er mikilvægt og auka fjölbreytileika þeirra tungumála sem lögð er stund á (auka fjöltyngi)
- Að vekja almenna athygli á tilveru og gildi allra þeirra tungumála sem töluð eru í Evrópu
- Að viðhalda og stuðla að hinni miklu tungumálafjölbreytni í Evrópu
- Að hvetja til símenntunar í tungumálum til að koma til móts við efnahagslegar, félagslegar og



menningarlegar breytingar í Evrópu, og sem lið í því styrkja sjálfsmýnd einstaklingsins.

Skipuleggjendum er þó frjálst að leggja áherslu á hvaða þema eða markmið sem þeir vilja árið 2003.

[Hugmyndabanka](#) hefur verið komið upp á vef ráðuneytisins og er honum ætlað að gefa skólum og öðrum hugmyndir að mögulegum aðgerðum á tungumáladeginum.

Dagurinn var fyrst haldinn hátíðlegur á Evrópsku tungumálaári 2001 að frumkvæði Evrópuráðsins í þeim tilgangi að fagna fjölbreytileika tungumála í Evrópu og til að hvetja til tungumálanáms. Nánari upplýsingar er að finna á vef Evrópska tungumáladagsins: [www.coe.int/EDL](#) eða á vef [menntamálaráðuneytisins](#).

